



# Hygge

CAL 2017



Vika 12/14

Designed by :

**HAAK MAAR RAAK**

[www.haakmaarraak.nl](http://www.haakmaarraak.nl)

Made possible by :

**Scheepjes**  
INSPIRATION IN EVERY BALL OF YARN

Höfundarrétt að þessari uppskrift á © Scheepjes.com. Þessi uppskrift er til einkanota, leyfilegt er að prenta út eintak og/eða geyma rafrænt eintak til einkanota. Ekki er leyfilegt að fjölfalda þessa uppskrift né selja hana áfram, hvort sem er rafrænt eða á pappír. Ekki er leyfilegt að pósta þessu skjali á netið, hvort sem er í heild sinni eða að hluta til. Leyfilegt er að selja tilbúna vöru sem er hekluð eftir þessari uppskrift svo framarlega sem höfundar er getið. Vinsamlegast prentið ekki út afrit af þessu mynstri til þess að dreifa með seldu garni þar sem það er brot á höfundarrétti.





\

## Skammstafanir:

- KÚLA – kúluspor: (\*Sláið upp á, stingið nálinni í lykkjuna og sækið bandið, sláið upp á og dragið í gegnum 2 lykkjur, endurtakið frá \* 4 sinnum til viðbótar, þá ættu að vera 6 lykkjur á nálinni, sláið upp á og dragið í gegnum allar lykkjurnar á nálinni. Athugið að alltaf er unnið í sömu lykkjuna).
- LL – loftlykkja
- FP – fastapinni

## Brögð og Brellur

- Þegar skipt er um lit er síðasta lykkjan í fyrra spori hekluð með nýja litnum.
- Á milli kúluspora er heklað yfir Catona þráðinn með Stone Washed til þess að takmarka enda sem þarf að ganga frá.
- Til þess að fá kúlurnar til þess að standa sem mest út þarf að passa að herða vel á næsta fastapinna.

## Garn:

Sjá garntöflu neðst í skjalinu.

## Heklfesta:

Heklunál: 4,5 mm

19 fp og 19 umf = 10 cm

## Uppskriftin:

Takið prjónamerki frá fyrri viku úr, heklið 1 LL, snúið.

**1. umf (réttan):** Heklið 59 FP, 1 LL, snúið.

**2. umf (rangan):** Heklið 6 FP, \*skiptið yfir í lit J, KÚLA, skiptið yfir í SW, 1 FP, skiptið yfir í lit J, KÚLA, skiptið yfir í SW, 7 FP; endurtakið frá \* 3 sinnum til viðbótar, 3 FP, 1 LL, snúið. Klippið frá lit J.

**3. umf:** Endurtakið 1. umf.

**4. umf:** Heklið 10 FP, \*skiptið yfir í lit I, KÚLA, skiptið yfir í SW, 1 FP, skiptið yfir í lit I, KÚLA, skiptið yfir í SW, 7 FP; endurtakið frá \* 3 sinnum til viðbótar, skiptið yfir í lit I, KÚLA, skiptið yfir í SW, 1 FP, skiptið yfir í lit I, KÚLA, 6 FP, 1 LL, snúið. Klippið frá lit I.

**5. umf:** Endurtakið 1. umf.

**6. umf:** Endurtakið 2. umf með lit H.

**7. umf:** Endurtakið 1. umf.

**8. umf:** Endurtakið 4. umf með lit G.

**9. umf:** Endurtakið 1. umf.





\

**10. umf:** Endurtakið 2. umf með lit F.

**11. umf:** Endurtakið 1. umf.

**12. umf:** Endurtakið 4. umf með lit E.

**13. umf:** Endurtakið 1. umf.

**14. umf:** Endurtakið 2. umf með lit D.

**15. umf:** Endurtakið 1. umf.

**16. umf:** Endurtakið 4. umf með lit C.

**17. umf:** Endurtakið 1. umf.

**18. umf:** Endurtakið 2. umf með lit B.

**19. umf:** Endurtakið 1. umf.

**20. umf:** Endurtakið 4. umf með lit A.

**21.-23. umf:** Endurtakið 1. umf. Klippið SW frá og gangið frá öllum endum.

Yarns	Stone washed	Catona (25 gr)									
Abbreviation	SW	A	B	C	D	E	F	G	H	I	J
Pastel	801	264	414	403	402	212	406	172	179	409	408
Jewel	802	258	130	411	401	412	391	128	400	396	394
Rainbow	803	115	281	208	280	205	146	201	282	114	222
Danish Mermaid	805	130	392	512	205	513	389	241	253	397	509
Diagram colour	+	●	○	○	○	○	○	○	○	○	○



